

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Ráðhúsinu
900 Vestmannaeyjar

Garðabær, 2. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0010
IAS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu og tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.

Við er í tölvubréf frá Vestmannaeyjabæ í gegnum Skipulagsgátt, dagsett 7. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu og breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja vegna Vestmannaeyjalína 4 og 5 (VM4 og VM5).

Landsnet hyggst leggja tvo nýja 66 kV sæstrengi, Vestmannaeyjalínu 4 og 5, frá landi til Vestmannaeyja. Lögð er fram í einu lagi lýsing á skipulagsverkefnum og tillaga sem kynnt er á vinnslustigi. Fyrir liggur frumgreining kosta frá Landsneti fyrir landtöku í Vestmannaeyjum og legu jarðstrengja í landi, sem tillagan byggir á.

Kynntar eru níu mögulegar leiðir fyrir strenginn á landi með sex mismunandi landtökustöðum sæstrengs og er það mat Landsnets að aðeins einn landtökustaður komi til greina og þrjár leiðir þaðan á landi, ein þeirra er þó talin óhentug vegna fyrirhugaðra hafnaframkvæmda. Þetta felur í sér að gera þarf breytingar á gildandi aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir því að um nokkur svæði, þar á meðal um óbyggt svæði ÓB-3, hverfisverndarsvæði HV-4 og HV-5, megi leggja háspennustrengi. Þetta er gert með því að bæta eftirfarandi texta við skipulagsákvæðin: „Gert er ráð fyrir að um svæðið geti legið háspennustrengir, enda séu þeir lagðir þannig að sem minnst rask hljóti af.“ Hluti svæðisins strengirnir eiga að liggja um er jafnframt á náttúruminjasrá.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar: Strengleiðin, sama hvað leið verður valin, mun að öllu leyti liggja á hrauni sem rann í eldgosinu á Heimaey árið 1973 sem nýtur sérstakrar verndar sem nútímahraun samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (60/2013) og ber að forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til.

Landsnet telur aðeins tvo valkosti koma til greina, 1A og 1B en í skipulagslýsingu er valkostur 2B einnig talinn koma til greina. Í skipulagslýsingu er þó aðeins leið 1A sýnd á myndum 3.1 og 4.1 en hvorki leið 1B, þar sem hún viku frá leið 1A, né leið 2B.

Ljóst er að af þeim þremur kostum sem nefndir eru í lýsingunni yrði minnst rask á nútímahraunum af leið 2B en raskið verður álíka mikið af leið 1A og leið 1B. Landsnet telur hins vegar að leið 2B komi ekki til greina vegna erfíðleika við að koma strengjunum í gegnum Brimnes, nálægðar við fyrirliggjandi lagnir, nálægðar við efnistökusvæði og fyrirhugaðra framkvæmda við stórskipahöfn.



Sá hluti sem er sameiginlegur með leið 1A og 1B er á óröskuðu nútímahrauni sem mikið til er hulið lausu gjalli auk þess sem lúpína þekur svæðið að miklu leyti, þar af leiðandi er verndargildi hraunsins minna en ella. Ef vandað er til verka ætti að vera hægt að fara í þessar framkvæmdir og ganga frá að þeim loknum án þess að valda verulegu raski á hrauninu.

Eitthvað viðbótar rask verður á nútímahrauni hvort sem leið 1A eða 1B verður valin. Leið 1A liggur meðfram vegi, þar sem land er nokkuð raskað fyrir, en þar er jafnframt gert ráð fyrir legu tveggja strengja að laxeldi í Viðlagafjöru, og því verður rasksvæðið a.m.k. 20 m breitt út frá vegi. Rask yrði mest á óröskuðu hrauni ofan við Skansinn. Leið 1B er fyrirhuguð eftir fyrirbyggjandi slóðum um nútímahraun en hér verður væntanlega meira rask en af leið 1A þar sem þeir slóðar eru flestir mjórri en 10 m.

Vegna skemmda á vatnslögninni til Vestmannaeyja stendur til að fara í framkvæmdir vegna neyðarlagfæringar á vatnslögninni, taka lögnina í land í Gjábackafjöru og leggja hana í gegnum Brimnes. Ef af því verður leggur Náttúrufræðistofnun til að leið 2A verði valin og að VM4 og VM5 fari líka í gegnum Brimnes.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

